

Úr smiðju

MONTY PYTHON

SPAMALOT™

Verðlauna tímamóta söngleikur byggður á kvikmyndinni

Monty Python And The Holy Grail

Leikfélag Vestmannaeyja

Góða skemmtun



LEIKFÉLAG VESTMANNAEYJA

SÝNIR

MONTY PYTHON SPAMALOT™

HANDRIT: ERIC IDLE

TÓNLIST: JOHN DU PREZ OG ERIC IDLE

ÞÝÐING: BRAGI VALDIMAR SKÚLASON

LEIKSTJÓRI: STEFÁN BENEDIKT VILHELMSSON

BÚNINGAHÖNNUN: VALGERÐUR ELÍN SIGMARSDÓTTIR

HÖNNUN LEIKGERVIS: MARGRÉT STEINUNN JÓNSDÓTTIR

LEIKMYNDAHÖNNUN: VALGERÐUR ELÍN SIGMARSDÓTTIR OG STEFÁN BENEDIKT VILHELMSSON

LJÓSAHÖNNUN: FRIÐÞJÓFUR ÞORSTEINSSON

FRUMSÝNINGARDAGUR 28. MARS 2024

VERK NR. 185



VSV
VESTMANNAEYJAR
ICELAND



Karl Kristmanns
Umboðs- og heildverslun ehf.

Markmiðið er að þú njótir og hafir gaman

Í söngleikjum í dag er óumflýjanlegt að flytja fallegt verk sem flestir geta þekkt. Árið 2020 ákvað Leikfélag Vestmannaeyja að setja upp Spamalot, æfingatímabilið gekk vel og stutt var í frumsýningu en þá kom Covid og gátum við því ekki sýnt. Tekin var sú ákvörðun að dusta rykið af verkinu og láta Spamalot verða að veruleika í ár.

Þessi söngleikur er gríðarlega umfangsmikill bæði í uppsetningu og framkvæmd og því ákváðum við að ráða til starfa þann hæfileikaríka og bráðskemmtilega leikstjóra, Stefán Benedikt Vilhelmsson. Það kom okkur ánægjulega á óvart hversu vel sóttar áheyrnarprufurnar fyrir verkið voru.

Hópurinn var mjög fjölbreyttur, reynsluboltar í bland við nýliða og því var ákveðið að allir þeir sem sóttust eftir hlutverki fengju hlutverk, enda allir hæfileikaríkir og einstakir.

Við erum gríðarlega heppin að hafa frábært fólk með okkur í þessu ferðalagi, í leik, söng, dansi, hljóði, ljósavinnu, stjórn, saumaskap, förðun og leikmyndagerð. Án þeirra værum við ekki stödd hérna í kvöld til að upplifa mikla gleði og hlátur. Svo kæri leikhúsgestur ég vona að þú njótir kvöldsins með okkur og farir hlæjandi héðan út. Því okkar helsta markmið



er að ÞÚ njótir og hafir gaman því án þín værum við ekkert. Ást okkar til þín er því merkust og hin helsta ástæða fyrir þessari vinnu. Ég vona að þú skemmtir þér með okkur í kvöld og komir á fleiri sýningar hjá Leikfélagi Vestmannaeyja í komandi framtíð.

Albert Snær Tórshamar
formaður LV.


Steini og Olli
BYGGINGAVERKTAKAR


GRÖFUÞJÓNUSTAN
BRINKS


Deloitte.


MIÐSTÖÐIN

Takk fyrir að þora, geta og framkvæma

Þegar komið var að máli við mig og ég beðinn að leikstýra aftur í Vestmannaeyjum stóðst ég ekki freistinguna. Hér er frábært að vinna, aðstaðan er góð (þó hún þarfnist orðið dýrra lagfæringa), hér er öflug leikhúshefð, mikill metnaður og fólk sem er tilbúið að gera jafn stóra og flókna sýningu og Spamalot á þann krefjandi og metnaðarfulla hátt sem ég vil og elska að gera í leikhúsi. Og þá er gaman!

Leikfélag Vestmannaeyja er hluti af mínu leikhúshjarta og í þetta þriðja sinn sem ég fæ þann heiður að leikstýra hér, var ráðist í risavaxið verkefni. Sem reyndar er orðið normið hér.

Stjórn félagsins er skipuð öflugu, duglegu og strangheiðarlegu listafólki og fèlagið á hæfileikafólk langt umfram það sem eðlilegt getur talist. Það er líklega ekki síst vegna þess að hér hefur verið unnið þrotlaust uppbyggingarstarf og félagið hefur byggt öfluga grasrótarhefð og sinnt nýliðun svo vel að það er yndislegt að sjá að 9 árum eftir að ég kom hér fyrst að leikstýra er komið metnaðarfullt ungt fólk sem fær stuðning og aðstoð reynsluboltanna sem fyrir eru til að stíga á svið og búa til virkilega krefjandi listaverk. Að fá að leikstýra í slíku umhverfi eru forréttindi og heiður.

Elsku vinir í Leikfélagi Vestmannaeyja, takk fyrir að segja alltaf já. Takk fyrir að þora, geta og framkvæma. Takk fyrir að leyfa mér að dreyma upp með ykkur jafn algerlega sturlaða hluti og Spamalot. Það er ekki oft sem maður finnur fólk sem er tilbúið að höggva stærsta tré skógarins - með síld! En það er geggjað að vinna með fólki sem segir já við því.

Fram til Kamelot!

Stefán Benedikt Vilhelmsson
leikstjóri



Stefán Benedikt Vilhelmsson
- leikstjóri

Stefán útskrifaðist sem leikari með BFA gráðu frá Listaháskóla Íslands árið 2009. Stefán er þekktastur sem leikari með leikhópnum Lottu og mun í sumar leika í glænýjum söngleik þar. Stefán hefur leikstýrt töluvert meðfram störfum sínum sem leikari en Spamalot er fimmtánda leikstjórnarverkefni hans og það þriðja í Vestmannaeyjum. Áður hefur hann sett hér upp Litlu Hryllingsbúðina og Nei, Ráðherra. Stefán talsetur mikið af teiknimyndum og þáttum og má þar telja Hvolpasveit, Hæ Sámur, Gus - riddarinn pínupons, Fimmburana, Friendspace og fleira. Auk þess hefur Stefán lesið inn rúmlega 40 hljóðbækur fyrir Storytel. Stefán sat í stjórn sjálfstæðra leikhópa í 7 ár og vann m.a. að endurreisn Tjarnarbíós þar.

Stefán er giftur leikkonunni Andreu Ösp Karlsdóttur. Þau eiga ásamt öðrum foreldrum stúlkurnar Emblu Steinvöru (14 ára) og Iðunni Eldeyju (9 ára).

Höfundurinn:
Eric Idle

Í mjög stuttu máli er Eric Idle enskur grínisti, leikari, rithöfundur, söngvari, leikskáld, leikstjóri og lagasmiður. Hann er einna þekktastur fyrir að vera meðlimur breska grínhópsins Monty Python og skopstælingar rokkbandinu The Rutles.

Í aðeins lengra máli þá fæddist Eric 29. mars árið 1943 í bænum South Shields í Bretlandi. Foreldrar hans voru Norah og Ernest Idle. Faðir Erics lést í bílslysi árið 1945 og átti móðir hans erfitt uppdráttar fyrst eftir að hún missti manninn sinn og því var Eric litli sendur til ömmu sinnar um tíma. Þegar Eric var 7 ára var hann sendur í Royal Wolverhampton heimavistarskólann og hefur hann sagt að þetta hafi verið hræðilegur tími. Hann varð fyrir miklu einelti en þar lærði hann að „vera klár og fyndinn á kostnað yfirvaldsins“ eins og hann orðar það sjálfur. „Fullkomin þjálfun fyrir Monty Python“.

Honum leiddist svakalega í skólanum sem varð til þess að hann lagði hart að sér við námið, svo hart að hann flaug inn í Pembroke College í Cambridge þar sem hann stúderaði ensku. Ekki löngu eftir að hann hóf nám í Cambridge árið 1963, var honum boðið að ganga til liðs við Cambridge University Footlights Club, þekktan grínleikhóp sem stofnaður var 1883. Eric varð formaður leikhópsins 1965 og eitt af embættisverkum hans var að leyfa konum aðgang að leikhópnum í fyrsta sinn í sögunni, enda mikill jafnréttissinni. Í Footlights leikhópnum voru Graham Chapman og John Cleese sem síðar urðu samstarfsmenn Eric Idle í Monty Python hópnum.



Frá árinu 1967 til 1969 lék Eric í ýmsum sjónvarpsþáttum og í gegnum þá vinnu kynntist hann hinum sem síðar urðu hluti af Monty Python; þeim Terry Jones, Michael Palin og Terry Gilliam.

Þegar Monty Python hópurinn var stofnaður fóru þeir að vinna að sinni fyrstu þáttaröð sem var hugarsmíð þeirra sjálfra. Fyrsti þátturinn af Monty Python's Flying Circus var tekinn upp 7. september 1969 og fór í loftið 5. október sama ár á bresku sjónvarpsstöðinni BBC. Þáttaraðirnar urðu alls fjórar. Hætt var við framleiðslu á þáttunum árið 1974 en þættirnir urðu í allt 45 og hafa þær haft ómæld áhrif á grínista um heim allan. Python hópurinn gerði tvær myndir meðan á töku þáttanna stóð. Myndin And Now for Something Completely Different var gefin út árið 1971 og hugsuð fyrir Bandaríkjamarkað. Myndin var



Eric Idle í hlutverki Sir Robin í The Holy Grail.

samansafn af atriðum úr fyrstu tveimur þáttaröðunum, teknum upp á nýtt fyrir mjög lítinn pening. Á milli þriðju og fjórðu þáttaraðar gerði hópurinn myndina Monty Python and the Holy Grail sem Spamalot er byggt á. Hún kom út 1975 og varð strax geysivinsæl.

Myndin Monty Python's Life of Brian var gefin út árið 1979 og gerir grín að messíasardýrkun. Það munaði ekki miklu að myndin yrði aldrei gerð. Framleiðendur hennar ákváðu að draga fjármuni sína út úr verkefninu því þeim fannst efnistökin vera of umdeild enda töluverð líkindi milli Brians og Jesúsar sem fæddist í næsta fjárhúsi. Eric hitti vin sinn Bítilinn George Harrison og sagði farir sínar ekki sléttar. George var mikill aðdáandi Monty Python og blóðlangaði að sjá myndina. Hann veðsetti húsið sitt og skrifstofur umboðsmanns síns og náði að safna fyrir gerð myndarinnar. Hann hefur sjálfur sagt að þetta hafi verið dýrasti bíómiði sögunnar en líklega hefur hann fengið þetta ríflega til baka þar sem myndin sló í gegn. Síðasta mynd hópsins var myndin Monty Python's The Meaning of Life sem var gefin var út árið 1983 en myndin er samansafn af atriðum byggð á ævi mannsins frá getnaði til dauða.

Eftir að meðlimir Monty Python fóru hver í sína áttina hélt Eric áfram að leika í kvikmyndum og á sviði, leikstýrði tónlistarmyndböndum og bíómyndum, skrifaði bækur og söngleiki svo eitthvað sé nefnt. Í mörgum verkefnanna vann hann með einhverjum af sínum fyrrum félögum. Hópurinn hefur komið nokkrum sinnum saman á sviði nú síðast árið 2014.

Hann segir enn stoltur frá því að hann sé þriðji hávaxnasti meðlimur Monty Python hópsins.

Eric býr í Los Angeles með konu sinni Tania Kosevich.

Persónur og leikendur



Sigurhans Guðmundsson
Artúr konungur



Ingunn Silja Sigurðard.
Vatnadís



Sarah Elía Ó. Tórshamar
Blóri



Elí Kristinn Símonarson
Hrói



Albert Snær Tórshamar
Galahad/Denni - Munkur



Zindri Freyr Ragnarsson
Caine - Hæðinn - Faðir Herberts - Bróðir Magnfreð - Munkur



Arnar Gauti Egilsson
Bedivere - Munkur



Jökull Elí Þorvaldsson
Lancelot - Finni



Alexander Páll Salberg
Herbert - Sögumaður



Reynir Þór Egilsson
Riddari - Finni - Svarti riddarinn - Sir Ekki með - Franskur riddari



Sigurjón Geirsson
Vörður - Munkur - Finni - Frakki - Drápskanína - Farandssöngvari - Ekki dauður enn -



Bertha Þorsteinsdóttir
Tumi Galdramaður - Lík á vagni - Móðir Denna - Finni - Farandssöngvari


SKIPALYFTAN EHF.
VESTMANNAEYJUM


GEISLI


GOTT


Heima
decor



Guðjón Emil Ómarsson
Vörður - Finni - Frakki - Lík á vagni - Farandssöngvari - Riddari



Jón Helgi Reykjalín Jónss.
Riddari - Frakki - Munkur - Glitfaxi



Auðbjörg Helga Óskarsd.
Finni - Lík á vagni - Frakki



María Fönn Frostadóttir Aðal Ní-riddari - Karmellusystir - Finni - Farandssöngvari // **Valgerður Elín Sigmarsdóttir** Karmellusystir - Finni - Lík á vagni // **Svala Hauksdóttir** Karmellusystir - Ní riddari - Finni - Lík á vagni // **Guðný Emilíana Tórshamar** Karmellusystir - Ní riddari - Finni - Lík á vagni // **Anna María Lúðvíksdóttir** Karmellusystir - Finni - Lík á vagni // **Gugga Rún Vestmann** Karmellusystir - Finni - Lík á vagni



Gunnar Davíð Frímannss.
Vörður - Finnskur bæjarstjóri - Lík á vagni



Jóhannes Haukur Jóhannesson
Rödd Guðs


HERJÓLFUR
VESTMANNAEYJAR
ÍSFÉLAG

Á bakvið tjöldin

Sviðs- og sýningarstjórar:
TINNA KARÍTAS FINNBOGADÓTTIR
ARNAR GAUTI EGILSSON
ZINDRI FREYR RAGNARSSON CAINE

Danshöfundar:
GUÐRÚN ELFA JÓHANNSDÓTTIR
BIRTA MARINÓSDÓTTIR
EMMA BJARNADÓTTIR
ANNA MARÍA LÚÐVÍKSDÓTTIR

Söngþjálfun:
HELGA JÓNSDÓTTIR
INGVELDUR THEODÓRSDÓTTIR

Búningar:
VALGERÐUR ELÍN SIGMARSDÓTTIR
AÐALHEIÐUR STELLA SÆMUNDSD.
ÞORBJÖRG JÚLÍA INGÓLFSDÓTTIR
RÓSA SIGURJÓNSDÓTTIR
ÁGÚSTA SALBJÖRG ÁGÚSTSDÓTTIR
BRYNDÍS GUÐJÓNSDÓTTIR
ANNA MARÍA LÚÐVÍKSDÓTTIR
ELÍSA HALLGRÍMSDÓTTIR

Förðun og hár:
MARGRÉT STEINUNN JÓNSDÓTTIR
SVALA HAUKSDÓTTIR
BERGÞÓRA SIGURÐARDÓTTIR
AÐALHEIÐUR STELLA SÆMUNDSD.
VALGERÐUR ELÍN SIGMARSDÓTTIR
GUÐNÝ EMILÍANA TÓRSHAMAR

Leikmynd og sviðsvinna:
GUÐLAUGUR KRISTÓFERSSON
ALBERT SNÆR TÓRSHAMAR
ARNAR GAUTI EGILSSON
ALEXANDER PÁLL SALBERG
GUGGA RÚN VESTMANN
REYNIR ÞÓR EGILSSON
JÓN HELGI REYKJALÍN JÓNSSON
SIGURJÓN GEIRSSON
GUÐJÓN EMIL ÓMARSSON
JÖKULL ELÍ ÞORVALDSSON
VALGERÐUR ELÍN SIGMARSDÓTTIR
GUÐNÝ EMILÍANA TÓRSHAMAR
ELÍSA HALLGRÍMSDÓTTIR
BERTHA ÞORSTEINSDÓTTIR
ANNA MARÍA LÚÐVÍKSDÓTTIR
SVALA HAUKSDÓTTIR

Ljósa- og hljóðstjórn:
ÞÓRARINN HJÖRTUR SIGMARSSON
ÞÓRÐUR GUNNAR ÞORVALDSSON

Umsjón miðasölu og veitingasölu:
INGVELDUR THEODÓRSDÓTTIR

Ritstjórn leikskrár:
DRÍFA PÖLL ARNARDÓTTIR
SIGRÍÐUR DILJÁ MAGNÚSDÓTTIR

Ljósmyndir:
VALGERÐUR ELÍN SIGMARSDÓTTIR
GUÐRÚN ELFA JÓHANNSDÓTTIR

Forsíða og plakat:
VALGERÐUR ELÍN SIGMARSDÓTTIR

Hönnun leikskrár:
SÆÞÓR VÍDÓ/LETURSTOFAN

Prentun:
STAFRÆNA PRENTSMIÐJAN

Stjórn L.V.:
ALBERT SNÆR TÓRSHAMAR
formaður
ZINDRI FREYR RAGNARSSON CAINE
varaformaður
INGVELDUR THEODÓRSDÓTTIR
gjaldkeri
VALGERÐUR ELÍN SIGMARSDÓTTIR
markaðsstjóri og meðstjórnandi
SVALA HAUKSDÓTTIR
umsjón Eyjabíó og meðstjórnandi
ARNAR GAUTI EGILSSON
meðstjórnandi
MARGRÉT STEINUNN JÓNSDÓTTIR
meðstjórnandi


VIGTIN
BAKHÚS


VM
VINNUFÖT & MERKINGAR
SKÓLAVEGI 6 S:897-2547



Tónskáldið:

John Du Prez

Samverkamaður Eric Idle við gerð Spamalot er maður að nafni Trevor Jones. Glöggir lesendur hafa eflaust tekið eftir því að það er ekki nafnið sem stendur hér fyrir ofan. Það er vegna þess að Trevor tók sér nafnið John Du Prez þegar hann var upprennandi poppstjarna svo að honum yrði ekki ruglað saman við tónskáld frá Suður-Afríku með sama nafn.

John fæddist 14. Desember 1946 í Sheffield í Englandi. Hann byrjaði ungur að læra að spila á franskt horn og æfði með skólalúðrasveitinni en lærði seinna á trompet svo hann gæti spilað jazz.

Hann lærði kínversku í Oxford auk þess sem hann er með ýmsar háskólagráður í tónlist. Árið 1976 byrjaði hann að starfa við tónlistardeild University of London þar sem hann var í örfá ár áður en hann sneri sér alfarið að tónsmíðum.

Hann byrjaði snemma að vinna að kvikmyndatónlist og bar hitann og þungann af tónlistinni í Monty Python´s Life of Brian en það var upphafið að 30 ára samstarfi hans og Eric Idle. Hann spilaði einnig með salsa-popp bandinu Modern Romance og áttu þeir félagar nokkur vinsæl lög á níunda áratug síðustu aldar. John samdi tónlistina við kvikmyndir á borð við Oxford Blues (1984), A Fish Called Wanda (1988), Teenage Mutant Ninja Turtles (1990), Carry on Columbus (1992) auk mynda Monty Pythons hópsins. Mögulega er hann samt þekktastur fyrir tónlistina í Spamalot sem hann vann með Eric Idle.



Hugmyndin að Spamalot kom þegar Eric og John hittust meðan Eric var í hlutverki Ko-Ko í söngleiknum Mikado. Þeir fóru að ræða að þeir gætu nú kannski grætt einhverja peninga á að flytja tónlistina sem þeir höfðu gert fyrir Monty Python í gegnum tíðina. Það varð úr að þeir fóru í tónleikaferð og á meðan henni stóð sömdu þeir Spamalot. Það tók þá þrjár vikur að semja söngleikinn, þrjár vikur að taka upp tónlistina og þrjú ár að koma verkinu á fjalir leikhússins. „The rest is history“ eins og þar stendur.

Góða skemmtun í leikhúsinu

HRESSÓ


Tanginn. eat. drink. enjoy.



Sérstakar þakkir

- Hótel Vestmannaeyjar
- Hugarró Hraunbúðir
  - Sonja Andrésdóttir
- FabLab Vestmannaeyjum
  - Frosti Gíslason
- Skipalyftan
  -Þröstur Jóhannsson
- Helgi Rasmussen Tórshamar
- Vosbúð
- Hafnareyri
- Íris Eir Jónsdóttir
- Elísa Hallgrímsdóttir

Og síðast en ekki síst fjölskyldur og aðstandendur þeirra sem að sýningunni standa.





Söngleikurinn Spamalot

Riddarar og miðaldir...þá riðu hetjur um héruð og allt það...Spamalot hefur það allt og meira til!

Söngleikurinn Spamalot er stolinn og staðfærður upp úr kvikmyndinni Monty Python and the Holy Grail sem var frumsýnd árið 1975. Og fyrir þau sem ekki þekkja bakgrunn myndarinnar eða söngleikjarins þá er sagan skopstæling á Arthúri konungi og riddurum hans sem kenndir eru við hringborð.

Höfundur söngleikjarins er einmitt einn af Monty Python hópnum, Eric Idle og fékk hann leyfi fyrrum félaga sinna til að heimfæra myndina á leiksviðið. Eric samdi leik- og söngtextann en tónlistina samdi hann í félagi við John du Prez.

Verkið var fyrst frumsýnt 21. desember í Shubert Theatre í Chicago árið 2004 og árið 2005 var það sett upp á Broadway. Sýningin á Broadway hlaut 14 tilnefninga til Tony verðlaunanna, vann þrjár þeirra og var ein þeirra Besti söngleikurinn. Grammy verðlaun komu í þeirra hlut fyrir Bestu söngleikjaplötuna og svo hlaut sýningin Drama Desk verðlaunin fyrir besta söngleikinn árið 2005. Sýningin varð geysivinsæl og sló í gegn jafnt hjá eldheitum aðdáendum Monty Python sem öðrum. Sýningarnar á Broadway urðu 1.575 talsins og meira en tvær milljónir manna og kvenna sáu hann á meðan á sýningum stóð. Innkoman af þessari uppsetningu urðu 175 milljónir dollara. Spamalot var svo sett upp í West End þar sem það gekk einnig mjög vel. Velgengnin var svo mikil að söngleikurinn, einn af átta söngleikjum, var heiðraður með mynd á frímerki The Royal Mail stamps í Bretlandi.

Söngleikurinn hefur verið settur upp og sýndur víða um hinn vestræna heim en hann hefur aðeins einu sinni áður verið sýndur á Íslandi, það var í Þjóðleikhúsinu árið 2014. Leikstjóri var



Hilmir Snær Guðnason og á sviði stóð einvalalið leikara, söngvara og dansara. Þýðandi verksins var enginn annar en Bragi Valdimar Skúlason og réðist hann sannarlega ekki á garðinn þar sem hann var lægstur því að þýða húmor getur verið ansi vandasamt.

Árið 2020 var Leikfélag Vestmannaeyja á lokametrunum að koma Spamalot á svið þegar Covid-19 faraldurinn skall á heimsbyggðina af fullum þunga. Eins og við öll hélt stjórn Leikfélagsins lengi vel að þessi pest gengi hratt yfir og hægt væri að halda áfram þar sem frá var horfið áður en langt um liði. Það reyndist ekki raunin eins og við þekkjum. Það er því vel að Leikfélagið geri aðra atrennu við hinar goðsagnakenndu frásagnir af Arthúri konungi og riddurum hans sem birtast á sviðinu í nýstárlegum búningi, þar sem hinar myrku miðaldir og verðöld Broadwaysöngleikja renna saman á undurfurðulegan og sprenghlægilegan hátt.

Hótel Vestmannaeyjar

